

Óðinsnesi. M.a. er fjallað um fyrirhugaða fullnýtingu grjótnáms í Ystaási. Gerð er grein fyrir opnum svæðum, fyrirhuguðum götum, lóðum og byggingarreitum. Ákvæði er sett um verndun fornminja á svæðinu. Samþykkt skipulagsins er með fyrirvara um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum en úrskurður liggur ekki fyrir um.

Ofangreind deiliskipulög hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þau þegar gildi.

*Akureyri, 11. september 2003.*

F.h. bæjarstjórans á Akureyri,

**Inga Pöll Þórgnýsdóttir** bæjarlögmaður.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um skotvopn, skotfæri o.fl., nr. 787/1998.**

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a) Flokkur B: í 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfi fyrir rifflum til og með hlaupvídd 8 mm og hálfsjálfvirkjum haglabýssum skal ekki veitt nema sérstakar ástæður mæli með því, enda hafi umsækjandi haft skotvopnaleyfi í a.m.k. eitt ár. Þó má í undantekningartilvikum með samþykki ríkislögreglustjóra veita einstaklingi leyfi fyrir riffli með meira en 8 mm hlaupvídd enda sýni viðkomandi fram á sérstaka þörf fyrir að eiga slík vopn. Slík leyfi skal aðeins veita að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og áskilið er að umsækjandi hafi haft aukin skotvopnaréttindi (B flokkur) í eitt ár og sanni hæfni sína til að meðhöndla slík vopn sé þess áskilið af ríkislögreglustjóra.

- b) Flokkur C: í 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfi fyrir skotvopnum sem sérstaklega eru ætluð til minkaveiða eða meindýraeyðingar (t.d. skammbýssur fyrir haglaskot) má aðeins veita að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Áskilið er að umsækjandi hafi haft aukin skotvopnaréttindi (B flokkur) í eitt ár. Slík leyfi vegna þeirra sem stunda minkaveiðar skal að jafnaði ekki veita til að eignast skotvopn heldur einungis til láns eða leigu. Lögreglustjóri skal senda slíkar umsóknir með umsögn sinni til ríkislögreglustjóra til ákvörðunar.

### 2. gr.

Orðin „og tekið þátt í landsmótum og/eða opnum mótum“ falla brott úr 1. málsl. 2. tl. 1. mgr. 11. gr.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

- a) Í stað orðsins „16“ í 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. kemur: 15.

- b) Við 2. mgr. bætist nýr töluliður nr. 4 svohljóðandi: Riffill með hlaupvídd 5,6 mm (cal. 22LR).

### 4. gr.

Í stað orðsins „500“ í 1. málsl. 4. mgr. 33. gr. kemur: 5000.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í vopnalögum nr. 16 25. mars 1998 og með hliðsjón af XXIX. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipun 93/15/EBE), öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. september 2003.*

**Björn Bjarnason.**

*Stefán Eiríksson.*

8. september 2003

Nr. 689

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 – 2008, landnotkun við Austurveg.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988-2008 frá 16. nóvember 1989.

Breytingin felst í því að 2600 m<sup>2</sup> svæði sem skilgreint er sem svæði til sérstakra nota verður svæði fyrir frístundahús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Hríseyjarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. september 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

8. september 2003

Nr. 690

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 – 2008, golfvöllur.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988-2008 frá 16. nóvember 1989.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði til afnota eftir skipulagstímabil, opin svæði, óbyggð og opið svæði til sérstakra nota, íþróttasvæði og skógrækt verður svæði til sérstakra nota, golfvöllur. Stærð svæðis er 28,5 ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Hríseyjarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. september 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*